



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

SAGA1JX02

(Söngvakeppnin og Eurovision, sérnámsbraut)

Kennari/kennarar:	Ragnhildur Þorsteinsdóttir
-------------------	-----------------------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnst nemendur sögu og þróun bæði Söngvakeppninnar og Eurovision. Nemendur skoða atriði úr undankeppnum og úrslitum, meta lagaval og framkomu, kanna hvaða lög og atriði hafa lifað vel og af hverju, og kynnst óvæntum og minnisstæðum upptákum í gegnum árin. Lög í Eurovision 2026 eru sérstaklega skoðuð og nemendur spá fyrir um úrslit og meta helstu styrkleika og veikleika atriða.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Saga og uppruni Eurovision og Söngvakeppninnar.
- Þróun tónlistar og atriða.
- Áhrif menningar og tíðaranda

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Greina tónlistaratriði og sviðssetningu.
- Vinna úr upplýsingum um Eurovisionlög.
- Bera saman ár og tónlistarstíla

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Meta atriði faglega.
- Spá fyrir um gengi laga í Eurovision 2026.
- Taka þátt í umræðum og rökstyðja skoðanir sínar.

Námsefni:

Engin eiginleg kennslubók er í áfanganum en kennarinn leitar víða fanga s.s. af netsíðum til að útbúa kennslufnið sem unnið verður með til að dýpka skilning nemenda á sögu Söngvakeppninnar og Eurovision. Horft verður á ýmsar keppnir og umfjöllun sem tengjast Eurovision.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6.- 30. janúar	Saga Söngvakeppninnar og Eurovision. Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Virkni og ástundun í kennslustund
5 - 8	2.-27. febrúar	Fylgjumst með sænsku Melodifestivalen fyrir Eurovision keppnina. Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	Virkni og ástundun í kennslustund
9 - 12	1.-27. mars.	Greining á tónlistarstílum sem hafa verið vinsælir í Eurovision. Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Virkni og ástundun í kennslustund
13 - 16	7.- 30. apríl	Eurovision 2026- greining á lögunum í keppninni og spáum í spilin.	Virkni og ástundun í kennslustund
17 - 19	4.- 24. maí	frh. greining á lögum i Eurovision 2026. Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Virkni og ástundun í kennslustund

Sérreglur áfangans:

Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu og eru nemendur hvattir til að kynna sér þær.

Þar sem mest öll vinna í áfanganum fer fram í tíma og almennt er ekki gerð krafa um

heimavinnu þarf nemandi sem er með opið vottorð að vera að lágmarki með 50% raunmætingu við lok annar til að standast áfangann.

- Símanotkun **tengd náminu** er leyfileg í samráði við kennara. Ef nemandi er í símanum án samráðs við kennara má kennari skrá F hjá viðkomandi.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Áfanginn er próflaus. Mikið er lagt upp úr þátttöku í umræðum og virkni í tímum. Virkni og verkefnavinna eru metin til einkunnar. Góð mæting, stundvísi, vinnusemi, verkefnaskil og vandvirkni eru forsendur þess að standast áfangann.

Nemendur með opið vottorð þurfa að vera með 50% raunmætingu að lágmarki við lok annar til að standast áfangann.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni	Ýmis verkefni	50%
Mæting og þátttaka	Mæting og virkni í tímum.	50%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur:

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.

- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, janúar 2026, Ragnhildur Þorsteinsdóttir